

# Stjórnun rafrænna viðskipta

Emil B. Karlsson

Lok verkefnis: 4.6.2021

## 1. Heiti verkefnis og nafn styrkþega

Stjórnun rafrænna viðskipta. Emil B. Karlsson.

## 2. Um verkefnið

Verkefnið snýst um að þróa hagnýtt fjarnám í stjórnun á rafrænum viðskiptum í verslun og þjónustu, þar meðtalin sala og markaðssetning með stafrænum lausnum fyrir netverslanir, ferðaþjónustu og aðra þjónustu. Námið hentar vel til endurmenntunar fyrir ófaglærða úr þessum atvinnugreinum.

## 3. Markmið verkefnis

Koma til móts við starfsmenn í verslunar- og þjónustugreinum sem gætu verið að missa vinnu vegna samdráttar í ferðaþjónustu og verslunar, vegna veirufaraldursins.

Koma til móts við hið mikla stökk sem nú hefur orðið í atvinnulífi með netverslun, rafrænum viðskiptum og breyttu neyslumynstri.

## 4. Hverjir voru helstu samstarfsaðilar?

Háskólinn á Bifröst.

## 5. Hver er helsti ávinningur af verkefninu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar?

Brýn þörf er á endurmenntun starfsmanna í verslun og ferðaþjónustu sem lið í hraðri þróun fjórðu iðnbyltingarinnar sem hefur í för með sér fækkun hefðbundinna starfa ófaglærðra.

## 6. Lokaafurð/ir verkefnis

Drög að námskrá um *stafræn viðskipti*. [Námskeiðslýsingu má sjá hér](#).